



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI STYKKISHÓLMS 2002 – 2022

Stækkun athafnasvæðis við Hamraenda og grænir iðngarðar
við Kallhamar



Sveitarfélagið
Stykkishólmur

Nóvember 2025



Efnisyfirlit


1	Markmið og forsendur	1
1.1	Aðdragandi og viðfangsefni	2
1.2	Markmið breytingar	2
1.3	Skipulagssvæðið og staðarval	3
1.4	Staðhættir	3
1.4.1	Vistgerðir	4
1.4.2	Vatnafar	5
1.4.3	Fornminjar	5
2	Skipulagsforsendur – gildandi skipulagsáætlanir	5
2.1	Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026	5
2.2	Aðalskipulag Stykkishólms 2002 – 2022	6
2.2.1	Svæði breytingar	6
2.2.2	Núverandi landnotkun og stefna á breytingarsvæðum	6
2.3	Deiliskipulag	7
2.4	Aðrar áætlanir og markmið	7
2.4.1	Lög um verndun Breiðarfjarðar	7
2.4.2	Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun	8
3	Efni aðalskipulagsbreytingar	8
4	Umhverfismat	9
4.1	Áhrifa- og umhverfispættir til mats	9
4.2	Umhverfispættir	10
4.2.1	Náttúrufar	10
4.2.2	Landslag og ásjón svæðis	11
4.2.3	Menningarminjar	11
4.2.4	Landnotkun og verndun	13
4.2.5	Loftgæði og hljóðvist	14
4.2.6	Samantekt umhverfisáhrifa	14
4.3	Málsmeðferð, kynning og samráð	15
4.3.1	Umsagnaraðilar	15
4.3.2	Breytingar eftir auglýsingu	15



Samþykkt og staðfesting


Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn

þann 11. desember 2025




Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann 30. janúar 2026






1 Markmið og forsendur

1.1 Aðdragandi og viðfangsefni

Tilgangur breytingar á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 er að mæta eftirspurn eftir atvinnulöðum.

Árið 2019 lá fyrir skýrsla ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.¹ Á grunni skýrslunnar var um miðjan júní 2021 undirrituð viljayfirlýsing Acadian Seaplants Ltd., Stykkishólmsbæjar, Veitna ohf. og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis „um samstarf og samvinnu við að koma á lagginnar sjálfbærum iðnaði í Stykkishólmi sem nýtt geti á sjálfbæran hátt jarðvarma og para/sjávargróður úr Breiðafirði, á vísindalegum grunni, með sem minnstum áhrifum á umhverfið, en jákvæðum efnahagslegum- og félagslegum áhrifum fyrir samfélagið á svæðinu við Breiðafjörð. Um er að ræða söfnun og vinnslu á para og sjávargróðri og fullvinnslu vörutegunda úr hráefninu.“

Með hliðsjón af þessum áformum þarf að breyta stefnu aðalskipulags um athafnasvæði við Hamraenda og Kallhamar, þ.e. afmarka stærri athafnasvæði og skilgreina byggingarheimildir og ákvæði um starfsemi innan þeirra.

1.2 Markmið breytingar

Markmið aðalskipulagsbreytingar er að móta stefnu um grænan iðngarð við Kallhamar og skapa aukið rými fyrir atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu við Hamraenda. Í grænum iðngarði er áhersla lögð á samstarfsnet fyrirtækja sem felst meðal annars í fjölnýtingu auðlinda með hugmyndafræði hringrásarhagkerfis að leiðarljósi.

Megin viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar eru:

- Stækka núverandi athafnasvæði (A1) við Hamraenda norðvestan flugvallarins.
- Að skilgreina stækkun á athafnasvæði A3 við Kallhamar, suðvestur af flugvælinum í Stykkishólmi, inn á svæði sem nú er skilgreint óbyggt svæði í aðalskipulagi, og gera ráð fyrir nýrri hafnaraðstöðu (H3). Þar byggist upp grænn iðngarður með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda í og við Breiðafjörð, haftengda starfsemi og nýsköpun.
- Endurskoða og breyta lengd flugbrautar og helgunarsvæði hennar í samráði við ISAVIA og aðlaga að aðliggjandi landnotkun. Ekki eru reglulegar flugsamgöngur við Stykkishólmi, en flugbrautin nýtist m.a. fyrir sjúkraflug.

Tillaga að breytingu aðalskipulags er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða nr. 111/2021.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu var unnið að deiliskipulagi svæðanna sem kynntar voru samtímis tillögu að aðalskipulagsbreytingu.


Gögn aðalskipulagsbreytingar:

- Greinargerð: *Breyting á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022. Athafnasvæði - Grænir iðngarðar við Kallhamar og stækkun athafnasvæðis við Hamraenda.*
- Uppdráttur af breytingum á Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022, *Kallhamar-Hamraendar.*

¹ Stykkishólmsbær 2019. [Skýrsla ráðgjafarnefndar vegna áhuga á rannsóknar-, vinnslu- og afurðamiðstöð þangs í Stykkishólmi.](#)

1.3 Skipulagssvæðið og staðarval

Svæðið sem breyting tekur til er sýnd á mynd 1-1. Það nær frá Kallhamri við suðvesturenda flugbrautar að athafnasvæði við Hamraenda. Landið er í eigu sveitarfélagsins Stykkishólms.



Mynd 1-1 Skipulagssvæðið fyrir breytingar.

Í undirbúningi aðalskipulagsbreytingar var gerð athugun á hentugri staðsetningu sem byggði á samanburði á kostum skilgreindra athafna-/hafnarsvæða í gildandi aðalskipulagi þ.e. Hamraenda (A1), Skipavík (H) og Kallhamara (A3).

Niðurstaða samanburðar staðarvalkosta leiddi í ljós að Skipavík hentaði ekki vegna plássleysis, nálægðar við íbúðarbyggð og andstöðu íbúa þar við frekari uppbyggingu á því svæði. Ákjósanlegast væri að stækka Hamraendasvæðið fyrir hefðbundna athafna-starfsemi (A1) og þróa nýtt svæði fyrir grænan iðngarð við Kallhamar (A3) með viðlegu-kanti og hafnaraðstöðu fyrir þá hafsæknu starfsemi sem þar er gert ráð fyrir.


1.4 Staðhættir

Svæðið sem breytingin tekur til við Kallhamar einkennist af fremur mishæðóttu landslagi þar sem skiptast á lágir klapparásar sem liggja í NA-SV stefnu (sama stefna og Stykkishólmsvegur) með mólendi, moslendi og/eða votlendi á milli. Svæðið liggur að sjó en hæsti punktur þess er í um 14 metra hæð yfir sjávarmáli.



Mynd 1-2 Horft yfir skipulagssvæðið úr suð-vestri (drónamynd birt með leyfi Ástu Hermannsdóttur, Byggðasafni Skagfirðinga).

1.4.1 Vistgerðir



Mynd 1-3 Vistgerðakort N.Í. Breytingarsvæðið er afmarkað með svörtum útlínunum. Svæði merkt skáletruðum línum er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, skv. kortasjá NÍ. Vakin er athygli á að afmörkunin er ónákvæm og sjófuglabýggð, fjara og grunnsvæði við Breiðafjörð nýtur verndar.

Óbyggð hluti svæðisins er að mestu þakinn lággróðri en sum staðar eru mýrar milli ásanna. Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er þar að finna fjölbreytilegar vistgerðir þ.m.t. vistgerðir með:

1. Mjög hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar: starungsmýravist (appelsínugult) og tjamarstararflóavist (gult)
2. Hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar: lyngmóavist á láglandi (grænt)
3. Miðlungs verndargildi: stinnastaravist (grasgrænt) og fjalldrapamóavist (ljósgrasmosagrænt)



4. Lágt verndargildi: hraungambravist (grátt)

Fjöruvistgerð á svæðinu er klóþangsfjara (fjólublátt á mynd) sem er ein útbreiddasta fjöruvistgerðin og jafnframt sú tegundauðugasta og mikilvægt fæðusvæði fugla. Verndargildi er mjög hátt.

1.4.2 **Vatnafar**

Samkvæmt Vatnavefsja² liggur svæðið sem aðalskipulagsbreytingin tekur til við vatnshlot 101-1394-C vestan Stykkishólms og 101-1394-C Breiðafjörður friðland. Helstu einkenni þeirra eru: strandsjór, opin strönd, fullsaltur sjór (> 30 psu), sjávarföll nokkur munur (1-5 m), meðalvatnshiti vetrar 4-7 °C og verndarsvæði Breiðafjarðar.

Almennt eru vistfræðileg og efnafræðileg umhverfismarkmið talin vera góð og að markmiðin eigi að nást þó margir þættir séu enn óstaðfestir. Vatnshlotin eru ekki talin vera í hættu. Staðbundið skólpálag er í 101-1394-C.

Í deiliskipulagstillögum á breytingarsvæðinu er gerð grein fyrir fráveitu og afrennsli í tengslum við blágrænar ofanvatnslausnir.

1.4.3 **Fornminjar**

Fornleifaskráning fyrir Hamraenda og Kallhamarssvæðið var unnin sumarið 2024 af Ástu Hermannsdóttur, fornleifafræðingi hjá Byggyðasafni Skagfirðinga (skýrsla nr. 2020/288)³.

Alls voru skráðar 36 minjar, þar af 32 sem eru innan afmörkunar aðalskipulagsbreytingar. Engin bæjarstæði eru talin vera innan svæðisins. Sérlega mikið er af mógröfum á svæðinu og má segja að fjöldi þeirra og umfang veiti svæðinu nokkra sérstöðu. Aðrar minjar eru af ýmsum toga.

Umhverfis friðaðar minjar er 15 m friðhelgunarsvæði þar sem hvers konar röskun og framkvæmdir eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Í deiliskipulagi skal sérstaklega gætt að minjunum og helgunarsvæðum þeirra. Fornleifaskýrslan er fylgiskjal með aðalskipulagsbreytingu.

2 **Skipulagsforsendur – gildandi skipulagsáætlanir**

2.1 **Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026**

Svæðisskipulagið byggir á sex leiðarljósum sem lýsa meginhugmyndafræði svæðisskipulagsins „þ.e. að örva megi atvinnulífið og efla samfélagið á Snæfellsnesi með frumkvæði og samvinnu, aðgengilegum upplýsingum um auðlindir og sérkenni svæðisins, skýrum skilaboðum um hvað svæðið stendur fyrir, góðum samgöngu- og fjarskiptakerfum, ábyrgri stjórnun auðlinda og eflingu atvinnulífs sem byggir á sérkennum svæðisins.“

Meðal markmiða svæðisskipulags sem varða breytingartillögu aðalskipulags eru:

² <https://vatnavefsja.vedur.is/>

³ Ásta Hermannsdóttir 2024/288: Stykkishólmur -frá Hamraendum að gömlu ruslahaugum. Fornleifaskráning vegna deiliskipulags.



- **A8** Tækifæri til atvinnuþróunar, sem felast í fjölbreyttu lífríki svæðisins, nýtist sem best.
- **A22** Auðlindir svæðisins séu nýttar enn frekar til ýmiss konar framleiðslu. Leiðir að markmiði: **A22.1** Meta möguleika á að nýta vatn, þörunga og fleiri auðlindir og þróa verkefni á grunni þess.
- **A15** Snæfellskt hráefni sé nýtt enn frekar til ýmiss konar matvælaframleiðslu.
- **U4** Nýting vatns, jarðefna, gróðurs og annarra náttúruauðlinda sé með sjálfbærum hætti.
- **U1** Byggð í þéttbýli og dreifbýli þjóni íbúum sem best um leið og hún er áhugaverð fyrir ferðamenn.
- **U13** Mótun umhverfis og mannvirkjagerð sé vönduð og taki mið af og styrki sérkenni og staðaranda Snæfellsness. Umgengni sé snyrtileg.

Áform um nýtingu og vinnslu þara og sjávargróðurs á Stykkishólmi, sem er forsenda breytingar og stækkun athafnasvæðis, samrýmast vel meginmarkmiðum svæðisskipulagsins um auðlindanýtingu og nýsköpun.

2.2 Aðalskipulag Stykkishólms 2002 – 2022

Í almennum markmiðum í gildandi Aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 segir m.a. að:

„Með skipulaginu er leitast við að stuðla að eflingu atvinnulífs, mannlífs og byggðar í sveitarfélaginu.“

Tekið er mið af núverandi atvinnulífi og leitast við að skapa því skilyrði til vaxtar og viðgangs ásamt nýsköpun í atvinnumálum.

Stefnt sé að því að auka fjölbreytni í atvinnulífinu og að í Stykkishólmi verði öflugur þjónustukjarni.“

Í gildandi aðalskipulagi er markmiðið að hafa tiltæk athafnasvæði fyrir sem fjölbreyttasta atvinnustarfsemi. Stefnt er að enn betri nýtingu núverandi hafnar- og athafnasvæða og verða svæðin deiliskipulögð með tilliti til nýtingu svæðanna, hagkvæmni, landslags og aðlögunar að bæjarmyndinni.

2.2.1 Svæði breytingar

Á mynd 1-1 er breytingasvæðið afmarkað á þéttbýlisupprætti Aðalskipulags Stykkishólms 2002-2022. Breytingasvæðið suðvestan flugbrautar er að mestu innan þéttbýlismarka, þ.e. á þéttbýlisupprætti, en nær að hluta inn á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags. Um 8,4 ha af landbúnaðarsvæði skerðist við þessa breytingu. Aðeins hluti þess svæðis er gömul framræst tún sem ekki eru lengur nýtt.

Breytingin felur í sér að þörf er að breyta landnotkun landbúnaðarsvæðis.

2.2.2 Núverandi landnotkun og stefna á breytingarsvæðum

Athafnasvæði A1 við Hamraenda er lýst sem viðkvæmu hvað ásjúnd varðar. „Það er að mestu opið fyrir umferð til bæjarins og því eðlilegt að í deiliskipulagi verði settar kvaðir varðandi útlit og girðingu. Hér er fyrst og fremst hugsað um starfsemi sem hefur snyrtilega ásjúnd.“

Athafnasvæði A3 við suðurenda flugvallarins er í aðalskipulagi ætlað fyrir vegsækna starfsemi.

Athafnasvæði A4 er gámostöð fyrir móttöku og flokkun sorps.



Óbyggð svæði. Ekki er sett fram sértæk stefna um óbyggð svæði í aðalskipulaginu. Landnotkun á óbyggðum svæðum er í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skilgreind á eftirfarandi hátt: „Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir, að mestu án mannvirkja annarra en þeirra sem þjóna útivist, afréttamotum, öryggismálum og fjarskiptum.“

Flugvöllur. Í aðalskipulagi í kafla 2.8 Samgöngumál segir um flugvöllinn: „Ekki eru neinar reglulegar flugsamgöngur við Stykkishólm. Flugvöllurinn gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi sjúkraflug.“

Í kafla 3.3.9 Gatnakerfi og umferð er gerð grein fyrir flugvælinum og öryggissvæði hans, sbr.: „Flugvöllurinn er óbreyttur og um hann gilda takmarkanir skv. fyrirmælum flugmálastjórnar. Flugbrautin er 1.120 m löng og 33 m breidd. Umhverfis hana er öryggissvæði sem er 150 m að breidd og 60 m frá hvorum enda.“ Einnig er skilgreindur hindrunarflötur flugbrautar til hliðar og út frá flugbrautarendum.

Reiðleið milli A1 og flugvallar. Í aðalskipulagi er ekki fjallað sérstaklega um reiðleiðir, en sett fram almenn stefna um hestamennsku og „að skapa sem hagstæðust skilyrði fyrir hestamenn. Hesthúsin verða áfram upp af Fúlúvík.“

Skráðar minjar í gildandi aðalskipulagi. Í grennd við breytingasvæðið við Hamraenda eru skráðar tvær minjar og við ströndina við Kallhamar eru fjórar skráðar minjar, sbr. fyrirbyggjandi fornleifaskráningu í Stykkishólmi.⁴

- Nr. 54 Skálarúst
- Nr. 55 Garður
- Nr. 56 Bæjarstæði
- Nr. 57 Grjótbyrgi og garðbrot
- Nr. 59 Naust
- Nr. 60 Sjóbúð og bæjarstæði

Ný fornleifaskráning fór fram á breytingasvæðinu árið 2024, sjá nánar kafla 1.4.3.

2.3 Deiliskipulag

Ekki er í gildi deiliskipulag á svæðum sem breytingatillagan tekur til, en vinna við deiliskipulag fyrir Hamraenda og Kallhamra fór fram samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

2.4 Aðrar áætlanir og markmið

2.4.1 Lög um verndun Breiðarfjarðar

Skipulagssvæðið liggur nærri strönd verndarsvæði Breiðarfjarðar sbr. lög um vernd Breiðarfjarðar nr. 54/1995. Í gildi er Verndaráætlun Breiðarfjarðar 2014-2019.⁵

Fyrirhuguð bryggja út frá hafnaraðstöðu við Kallhamra mun ná út á verndarsvæði Breiðarfjarðar, en stækkuð athafnasvæði við Kallhamra og við Hamraenda eru afmörkuð aðeins inn til lands og meðfram strönd. Áfram er gert ráð fyrir óbyggðu landi án mannvirkjagerðar.

Leitast er við að tryggja að breytingatillagan sé í takt við markmið í Verndaráætlun Breiðarfjarðar 2014-2019. Sjá nánar kafla 5.2.4 Landnotkun og verndun.

⁴ Þjóðminjasafn Íslands 1987/2005: [Fornleifaskráning í Stykkishólmi](#). Ágúst Ólafur Georgsson

⁵ [Verndaráætlun fyrir Breiðafiörð 2014-2019](#)



2.4.2 Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun

Sameiginleg stefna sveitarfélaga á Snæfellsnesi um sjálfbæra þróun í umhverfis-, menningar-, samfélags og efnahagslegu tillit var gefin út árið 2018⁶. Með undirritun skjalsins, skuldbundu sveitafélögin sig til þess „að hafa græn gildi að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni. Þau beita fyrirbyggjandi aðgerðum til að koma í veg fyrir rýrnun náttúrulegra og félagslegra auðlinda, og hvetja fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga til að fylgja því fordæmi og bæta frammistöðu sína í átt að sjálfbærri þróun.“

3 Efni aðalskipulagsbreytingar

Athafnasvæði A1 við Hamraenda er stækkað til vesturs um 5,7 ha, heildarstærð þess er 16,4 ha. Þar er gert ráð fyrir hreinlegri atvinnustarfsemi og að í deiliskipulagi verði settar kvaðir um snýrtilega ásýnd. Athafnasvæði A1 tengist Stykkishólmsvegi og um nýjan veg sem kemur til með að liggja frá Flugvallarvegi. Leyfilegt byggingarmagn verður 19.000 m².

Byggingar verða lágreistar. Leitast er við að fella lóðir og byggingar að landslagi, nýta klapparása fyrir byggingareiti en byggja ekki á hæstu punktum. Áhersla verður lögð á að nýta landið skynsamlega og hlífa vistgerðum utan lóðamarka og búsvæðum fugla sem þar er að finna. Til að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf skal takmarka háværar framkvæmdir á varptíma.

Athafnasvæði A3 er útvíkkað út að Kallhömrum og stækkar um 28,95 ha, heildarstærð þess verður eftir breytingu 31 ha. Það er ætlað fyrir grænan iðngarð með hringrásar-hugsun að leiðarljósi. Áform eru um söfnun og vinnslu á sjávargróðri og fullvinnslu vöru- tegunda úr hráefninu. Leyfilegt byggingarmagn verður allt að 35.000 m².

Byggingar verða lágreistar. Leitast er við að fella lóðir og byggingar að landslagi, nýta klapparása fyrir byggingareiti en byggja ekki á hæstu punktum. Áhersla verður lögð á að nýta landið skynsamlega og hlífa vistgerðum utan lóðamarka og búsvæðum fugla sem þar er að finna. Til að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf skal takmarka háværar framkvæmdir á varptíma.

Á athafnasvæði A3 verður lögð áhersla á svæðisbundna styrkleika til aukinnar atvinnu-sköpunar og sjávarútvegstengdan iðnað og nýsköpun á því sviði. Um er að ræða græna iðngarða þar sem sjálfbær nýting sjávarauðlinda við Breiðafjörð verður höfð að leiðarljósi.

Hafnarsvæði H3. Út frá athafnasvæðinu við Kallhamar er gert ráð fyrir nýju hafnarsvæði H3, sem er 0,65 ha og verður þriðja hafnarsvæði sveitarfélagsins.

Ný vegtenging verður frá Stykkishólmsvegi inn á athafnasvæði A3 og hafnarsvæðið við Kallhamra sem tengist núverandi vegi að jörðinni Ögri og núverandi iðnaðarsvæði I2.

Athafnasvæði A4 þar sem nú er móttökustöð sorps er stækkað úr 0,7 ha í 5,7 ha. Leyfilegt byggingarmagn er 300 m².

Flugvöllur. Flugbrautin var 1.180 m á lengd og verður 860 m eftir breytingu. Stærð flugvallarsvæðisins verður 2,7 ha. Öryggissvæðið minnkar úr 99.000 m² niður í 179.000 m² eða tæpir 18 ha. Hindrunarfletir flugbrautarinnar breytast við styttingu hennar og skal tekið mið af þeim við deiliskipulag aðliggjandi svæða.

⁶ Stefna Snæfellsness í sjálfbærri þróun, 2. október 2018



4 Umhverfismat

Aðalskipulagsbreyting

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fylgir umhverfismatsskýrsla breytingartillögunni samkvæmt kröfum laganna.

Umhverfismat framkvæmda

Aðalskipulagsbreytingin felur í sér landnotkun sem gerir ráð fyrir framkvæmdum sem tilgreindar eru í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, s.s. hafnarframkvæmd og matvælaíðnað sem eru tilkynningarskyldar og eftir atvikum matskyldar skv. lögunum. Við tilkynningu hafnarframkvæmdar til ákvörðunar um matskyldu verður gerð ítarlegri grein fyrir áhrifum framkvæmdar á lífríki sjávar.

4.1 Áhrifa- og umhverfispættir til mats

Stækkun athafnasvæða við Kallhamra og við Hamraenda felur í sér uppbyggingu og atvinnustarfsemi á svæði sem nú er að mestu óbyggt land og liggur að strönd og verndarsvæði Breiðafjarðar. Skipulagssvæðið liggur einnig að núverandi flugbraut. Atvinnustarfsemi getur haft í för mér sér hávaða eða ónæði, svo sem vegna umferðar með afurðir eða aðföng.

Umhverfispættir

Við mat á umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags var lagt mat á eftirtalda umhverfispætti:

- Náttúrufar
- Landslag og ásynd svæðis
- Menningarminjar
- Landnotkun og verndun
- Loftgæði og hljóðvist

Viðmið og gögn

Til grundavallar mati á áhrifum tillögu að aðalskipulagsbreytingu var einkum stuðst við viðmið og markmið í gildandi svæðis- og aðalskipulagi ásamt öðrum stefnuskjölum, auk viðmiða í lögum og reglugerðum, sbr. umfjöllun í 2. kafla um skipulagsforsendur. Helstu viðmið eru eftirtalin:

- Svæðisskipulag Snæfellsness 2014 – 2026.
- Aðalskipulag Stykkishólmsbæjar 2002-2022, einkum leiðarljós og markmið aðalskipulagsins um atvinnulíf og verndun.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.
- Lög um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995.
- Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019.
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.



Vægismat umhverfisáhrifa

Í samræmi við niðurstöður matsspurninga og hvernig þær falla að viðmiðum er lagt mat á vægi umhverfisáhrifa. Flokkun umhverfisáhrifa var eftirfarandi:

Mjög neikvæð (--)	Neikvæð (-)	Engin/óveruleg (0)	Jákvæð (+)	Mjög jákvæð (++)
Umfang áhrifa mikið, gengur gegn helstu viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkuð, fellur ekki að viðmiðum eða að hluta til.	Umfang áhrifa er lítið eða ekkert. Fellur að viðmiðum.	Umfang áhrifa er nokkurt, fellur að viðmiðum að hluta.	Umfang áhrifa er mikið, er í samræmi við öll viðmið.

Stefnukostir til samanburðar

Við vinnslu aðalskipulagsbreytingar voru borin saman áhrif breytingartillögu á umhverfið og til samanburðar líkleg áhrif gildandi stefnu aðalskipulags.

4.2 Umhverfisþættir

4.2.1 Náttúrufar

Samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), eru engin svæði innan skipulags-svæðisins sem njóta sérstakar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, hvorki jarðmyndanir né lítt raskað votlendi. Í lægðum á milli ásanna er mólendi og moslendi með fjölbreyttum vistgerðum, sem sumar eru með mjög hátt eða hátt verndargildi skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands og á lista Bernarsamningsins um vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Til að meta áhrif á vistgerðir er vistgerðakort NÍ haft sem undirþekja skipulags (Mynd 1-3). Kortagrunnurinn er grófur en gefur vísbendingar um vistgerðir.

Algengastar eru lyngmóavist á láglandi (grænt á korti), sem er með hátt verndargildi, og hraungambravist (grátt á korti) sem er með lágt verndargildi. Á Hamraendasvæði er að auki nokkuð um starungsmýravist (appelsínugult á korti) og tjarnastararflóavist (gult á korti) með mjög hátt verndargildi.

Breiðafjörður er skilgreindur sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Byggingareitir eru nokkuð frá fjörunni og áhrif á sjófugla eru þannig lágmörkuð. Bryggja mun þó skerða búsvæði við fjöruna og fer inn á alþjóðlegt fuglaverndarsvæði. Vernd Breiðafjarðar tekur til lífríkis og mun bryggjan og hafnarsvæði skerða verndarsvæðið.

Á svæðinu eru vistgerðir með ríkulegt fuglalíf og mikilvæg fuglasvæði eru á Breiðafirði og á skipulagssvæðinu. Til að lágmarka neikvæð áhrif á fuglalíf skal takmarka háværar framkvæmdir á varptíma. Fyrir framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skal meta áhrif á vistgerðir á svæðum sem verða fyrir áhrifum af þeim.

Vatnshlot á skipulagssvæðinu eru Grunnvatnshlotið Stykkishólmur 101-194-G, sem er óverulegur vatnsveitir með staðbundið og takmarkað grunnvatnsstreymi. Magnstaða og efnafræðilegt ástand er metið gott og ekkert skráð álag er samkvæmt Vatnavefsjá. (Veðurstofa Íslands, 2025a). Einnig verða áhrif á strandsjávahlotið Vestan Stykkishólms 101-1392-C, sem er flokkað sem opin strönd með fullsaltan sjó. Nokkur munur er á sjávarföllum (1-5m) og meðalvatnshiti vetrar er 4-7°C. Vatnshlotið skarast að hluta við



verndarsvæði Breiðafjarðar (Veðurstofa Íslands, 2025b). Staðbundið álag er vegna skólpráveitu án hreinsunar.

Helsta álag framkvæmda á vatnshlot sem skipulagið felur í sér, er álag vegna fráveitu, álag frá þéttbýli og álag vegna iðnaðar. Við útgáfu leyfa fyrir framkvæmdum og starfsemi þarf að liggja fyrir áhrifamat á vatnshlot og tryggja þarf að álag frá framkvæmdum eða starfsemi verði ekki til þess að gæði vatnshlotanna rýrni. Í deiliskipulagi skal setja ákvæði um fráveitu.

4.2.2 **Landslag og ásýnd svæðis**

Landslag á skipulagssvæðinu einkennist af lágum klapparásum og dældum á milli þeirra, sem telja má að sé dæmigert landslag á Þórsnesi. Skipulagssvæðið og nágrenni er að hluta til raskað með flugvelli og annarri starfsemi. Uppbygging á Hamraendasvæði stækkar núverandi atvinnusvæði. Kallhamrasvæðið er fjær byggð og er lítt eða ekkert sýnilegt nema frá vegi. Byggingar verða lágreistar sem minnkar sýnileikann. Leitast er við að fella lóðir og byggingar að landslagi, nýta klapparása fyrir byggingareiti en byggja ekki á hæstu punktum. Þá er mikil áhersla á að nýta landið skynsamlega.

Vernd Breiðafjarðar tekur til landslags. Skipulagsreitir eru að mestu nokkuð frá fjöru en byggjan og hafnarsvæði fara inn á verndarsvæðið.

4.2.3 **Menningarminjar**

Fornleifaskráning fyrir Hamraenda og Kallhamarssvæðið var unnin sumarið 2024 af Ástu Hermannsdóttur, fornleifafræðingi hjá Byggðasafni Skagfirðinga (skýrsla nr. 2020/288). Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra horfinna minja er þekkt. Minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar. Í lögum um vernd Breiðafjarðar er markmið m.a. að stuðla að vernd menningarminja, einkum vernd sjóminja.

Alls voru skráðar 32 minjar á svæðinu sem aðalskipulagsbreytingin tekur til (Mynd 4-1). Engin bæjarstæði eru talin vera innan svæðisins og engar friðaðar minjar. Nokkuð er af mögröfum á svæðinu og má segja að fjöldi þeirra og umfang veiti svæðinu nokkra sérstöðu.

Lóðir deiliskipulags og vegir eru þannig fram settir að tveimur minjum verður mögulega raskað, mógrafir nr. [3219-16-17] og ein er nærri vegi, hugsanlega nær en 15 m, mögröf nr. [3219-15]. Aðrar minjar eru nærri strönd, utan byggingarsvæða eða er hlíft með því að setja ekki lóðir yfir þær, t.d. garðurinn nr. [3219-9]. Skipulag gerir ráð fyrir gönguleið með garðinum. Lega garðsins hefur verið áætluð. Vegur þverar hugsanlega garðleið og var valinn staður þar sem garðurinn er ekki sýnilegur.

Sækja þarf um leyfi Minjastofnunar Íslands fyrir að raska fornminjum.



Mynd 4-1 Yfirlitskort af skráningarsvæðinu. Grænir flekar eru uppmældar minjar. Númerin segja til um númer minja í fornleifaskrá. Gul brotalína er tilgátulega garðlags [3219-9].

Tafla 4-1 Minjar skráðar á skipulagssvæðinu og áhrif skipulags á þær.

Númer	Lýsing	Í skipulagi
Kallhamarsvæði		
3219-4-5-6	Mógrafir	Utan lóða og vega
3219-7	Skotbyrgi	Utan lóða og vega
3219-27-28-29-30	Mógrafir	Utan byggingareita
3219-8	Hleðsla, hlutverk óþekkt	Nærri strönd, verður ekki raskað
3219-9	Garðlag, landamerkjagarður, líklega frá 1250	Sýnilegum hluta garðsins verður ekki raskað
3219-10	Seltóft, aldur ekki þekktur	Nærri strönd, verður ekki raskað
3219-11-12-13	Naust, þúst og tóft	Nærri strönd, verður ekki raskað
3219-14	Tóft, lítil	Utan byggingareita
3219-15	Mógrafir	Utan byggingareita, vegur mjög nærri
3219-16-17	Mógrafir	Verður raskað
3219-18	Varða, kennimerki	Utan byggingareita
3219-19	Mógrafir, niðurgróftur	Utan byggingareita
3219-35	Tóft	Utan byggingareita
3219-36	Fjárskýli	Utan byggingareita



Hamraendasvæði		
3219-3	Mógrafir	Verður raskað
3219-34	Mógröf	Utan byggingareita
3219-31-32-33	Mókofar	Utan byggingareita

4.2.4 Landnotkun og verndun

Uppbygging atvinnusvæðis sem nýtir gæði sjávar og sveita, er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins. Þörf er á stærra atvinnusvæði til að mæta væntingum um fjólsfjölgun og fjölbreytt atvinnulíf.

Skipulagssvæðið liggur að sjó og er á verndarsvæði Breiðafjarðar. Svæðið liggur einnig á alþjóðlega mikilvægu fuglaverndarsvæði og vistgerðum sem njóta verndar (Mynd 1-3).

Í Verndaráætlun Breiðafjarðar 2014-2019 eru tilgreindir þættir sem Breiðafjarðarnefnd leggur áherslu á að vernda:

- Landslag, landslagsheildir og einstakar jarðmyndanir.
- Svæði innan verndarsvæðisins þar sem finna má óvenjulega mikið lífmagn, fjölbreytileika lífvera og/eða búsvæði sjaldgæfra tegunda.
- Einstakar tegundir lífvera sem eru undirstaða í fæðukeðju, ábyrgðartegundir Íslendinga, eða sjaldgæfar tegundir á lands- og/eða heimsvísu.
- Menningarminjar, þjóðhættir, menningar- og búsetulandslag og lýðfræði með áherslu á eyjarnar og breytingar á íbúamynstri.

Lóðir innan skipulagsins fara ekki að fjöru og með því eru menningarminjar og búsvæði lífvera í og við fjöru ekki skert, nema sem nemur bryggjussvæði. Þannig eru áhrif á verndarsvæðin lágmarkuð. Í umsögn Breiðafjarðarnefndar er lagt til að mörk athafnasvæðis verði dregin 50 m frá strandlengju.

Aðgengi almennings að sjó er ekki hindrað og á deiliskipulagsuppdætti eru sýndar leiðir sem gengnar eru meðfram sjó auk þess sem sýnd er gönguleið meðfram garði sem liggur í gegnum Kallhamarsvæðið og reiðleiðir um svæðið.

Gæði fráveitu eru mikilvæg til að lágmarka áhrif á verndarsvæði, bæði fjörur Breiðafjarðar og það að alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði liggur nærri uppbyggingarsvæðunum. Fráveita er leidd í sjó inn á verndarsvæði Breiðafjarðar. Gera þarf ráðstafanir til að tryggja meðhöndlun frárennslis. Í deiliskipulagi skal setja ákvæði um fráveitukerfi og ofanvatnslausnir á svæðinu.

Staðsetning bryggju er valin út frá öldufarsreikningum sem byggja á dýptargögnum og öldu- og veðurspárgögnum, gerðir af hafnadeild Vegagerðarinnar. Umhverfismat samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, vegna bryggju, verður unnið sérstaklega og þá horft til áhrifa á umhverfi miðað við stærð og gerð framkvæmdar. Tekið er undir ábendingar Breiðafjarðarnefndar við skipulagslýsingu, um að undirbúa þurfi framkvæmdir þannig að þær valdi ekki raski utan svæða sem verða fyrir beinum áhrifum.

Gert er ráð fyrir að flugbrautin verði stytta. Flugvöllurinn er aðallega notaður af flugskólum og almannaflugi en getur líka nýst í sjúkraflugi. Ísavia voru kynnt áformin og í svari þeirra var bent á að æskilegt væri að halda tenginu við mannvirki sem standa við flugvöllinn og því er brautin stytta að þeim til NA og síðan nærri Kallhamri. Hafa þarf í huga hindranafleti á framkvæmdatíma, t.d. tímabundnar hindranir eins og krana.



4.2.5 Loftgæði og hljóðvist

Vegalengd frá svæðinu til næstu íbúðarbyggðar er það mikil að áhrif á loftgæði og hljóðvist verða lítil þar. Áhrif verða fyrst og fremst innan skipulagssvæðisins og fyrir fólk sem stundar útivist og nýtir gönguleiðir nærri skipulagssvæðinu. Atvinnustarfsemi þarf að uppfylla viðmið í reglugerðum um hávaða og loftgæði.

4.2.6 Samantekt umhverfisáhrifa

Umhverfisþáttur	Óbreytt skipulag	Breytingartillaga	Umhverfismat
Náttúrufar	Lífriki svæðis verður óbreytt.	Rask verður á vistgerðum með mjög hátt og hátt verndargildi og á verndarsvæði Breiðafjarðar. Við gerð skipulags var tekið tillit til verndarsvæða. Með staðsetningu lóða ofan við fjöru er þeim hlíft að mestu en bryggja og hafnarsvæði skerða verndarsvæði. Í mati á umhverfisáhrifum framkvæmda skal horfa sérstaklega til áhrifa á vistgerðir og verndarsvæði.	Neikvæð (-)
Landslag og ásýnd svæðis	Svæðið er að hluta raskað með flugvelli og annarri starfsemi. Ásýnd svæðis verður óbreytt og upplifun á gönguleiðum óbreytt.	Hamraendasvæðið er nú þegar atvinnusvæði og Kallhamar er nærri flugvelli og annarri atvinnustarfsemi. Skipulagið er í samræmi við núverandi stefnumörkun sveitarfélagsins. Frá byggð er svæðið lítt sýnilegt þar sem skipulagi er hagað þannig að landið skermir byggingar af. Svæðið er sýnilegt frá gönguleiðum. Bryggja og hafnarsvæði hafa áhrif á landslag á verndarsvæði Breiðafjarðar	Óveruleg til neikvæð (0/-)
Menningarminjar	Allar minjar á svæðinu óhreyfðar.	Sækja þarf um leyfi til að raska tveimur til þremur mógröfum. Fjöldi annarra minja er á svæðinu en skipulag er gert þannig að þær eru óhreyfðar.	Óveruleg til neikvæð (0/-)
Landnotkun	Svæðið er að hluta nýtt fyrir flugstarfsemi og aðra atvinnustarfsemi. Ef ekki verður af uppbyggingu er áframhaldandi skortur á atvinnusvæði.	Uppbygging á svæðinu styður við markmið sveitarfélagsins um uppbyggingu á atvinnustarfsemi sem nýtir gæði sjávar og sveita, sem eru metin jákvæð áhrif.	Jákvæð (+)
Verndun	Skipulagssvæðið liggur að verndarsvæði	Með því að staðsetja byggingar ekki nærri fjöru er	Neikvæð (-)



	Breiðarfjarðar og bryggja fer inn á verndarsvæðið.	verndarsvæðum hlíft að mestu. Bryggja mun fara inn á verndarsvæði Breiðarfjarðar og þar verða neikvæð áhrif á verndarsvæði. Bryggja er háð mati á umhverfisáhrifum framkvæmda þar sem áhrif verða metin nánar og afmörkun ákveðin.	
Loftgæði og hljóðvist	Svæðið er fjarri íbúðabyggð og lítil áhrif eru á íbúa.	Svæðið er fjarri íbúðabyggð og áhrif á hljóðvist og loftgæði verða fyrst og fremst þegar gengið er meðfram svæðinu.	Engin/óveruleg (0)

4.3 Málsmeðferð, kynning og samráð

Breytingartillagan var auglýst í samræmi við 31. gr. skipulagslaga frá 24. september 2025 með athugasemdarfresti til 5. nóvember 2025. Umsagnir bárust og var brugðist við þeim við endanlega afgreiðslu tillögunnar. Öll gögn skipulagsbreytinga eru aðgengileg í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir máli 1927/2024 á slóðinni <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1027>

4.3.1 Umsagnaraðilar

Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Breiðafjarðarnefnd
- ISAVIA
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness
- Rarik
- Veitur

4.3.2 Breytingar eftir auglýsingu

Eftirfarandi breytingar voru gerðar í kjölfar auglýsingar:

- Í kafla 1.4.1 Vistgerðir er bætt við og vakin athygli á að afmörkun á mynd 1-3 er ónákvæm og sjófuglabbyggð, fjara og grunnsvæði við Breiðafjörð nýtur verndar.
- Í umhverfismati, kafla 4.2.1 Náttúrufar, er bætt við upplýsingum um að bryggja muni skerða búsvæði við fjöruna, hún fari inn á alþjóðlegt fuglaverndarsvæðið og að bryggjan og hafnarsvæðið muni skerða verndarsvæðið.
- Í umhverfismati, kafla 4.2.1, er bætt við umfjöllun um vatnshlot. Einnig að við útgáfu leyfa fyrir framkvæmdum og starfsemi þurfi að liggja fyrir áhrifamat á vatnshlot og tryggja þurfi að álag frá framkvæmdum eða starfsemi verði ekki til þess að gæði vatnshlotanna rýrni.



- Bætt hefur verið inn í kafla 3 skipulagsákvæðum fyrir athafnasvæði A1 og A3 um að háværum framkvæmdum skuli haldið í lágmarki á varptíma. Í umhverfismati hefur verið bætt við ítarlegri umfjöllun um vernd fugla og áhrif af framkvæmdum.
- Í kafla 4.2.4 Landnotkun og verndun er bætt við upplýsingum um að svæðið liggi á alþjóðlega mikilvægu fuglaverndarsvæði og vistgerðum sem njóta verndar.
- Sbr. kafla 4.2.4 er tekið undir ábendingar við skipulagslýsingu, um að undirbúa þurfi framkvæmdir þannig að þær valdi ekki raski utan svæða sem verða fyrir beinum áhrifum.
- Brugðist er við athugasemd um hljóðvist með því að bæta við umfjöllun um hljóðvist í umhverfismat í kafla 4.2.5.
- Í umhverfismati hefur umhverfisþættinum landnotkun og verndun verið skipt í tvo og fjallað um hvorn fyrir sig í samantekt umhverfisáhrifa í kafla 4.2.6.